

Rannsóknastofa í táknmálsfræðum 2021*

Stjórn, starfsmenn og húsnæði

Rannsóknastofa í táknmálsfræðum er samstarfsvettvangur fræðimanna Málvísindastofnunar Háskóla Íslands og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) sem stunda rannsóknir á íslensku táknmáli. Auk starfsmanna þessara stofnanna eiga nokkrir utanaðkomandi aðilar aðild að rannsóknastofunni. Starfsmenn HÍ og SHH hafa aðstöðu á sínum vinnustað en stofan hefur að öðru leyti ekki yfir sérstöku húsnæði að ráða. Stjórn stofunnar er skipuð til eins árs í senn, skipuðu Júlía G. Hreinsdóttir, Nedelina Ivanova og Rannveig Sverrisdóttir stjórnina frá 2021-2022.

Rannsóknir

Rannsóknaverkefni og rannsóknastyrkir til félaga í Rannsóknastofu í táknmálsfræðum

Styrkumsóknir á árinu:

- Nýsköpunarsjóði námsmanna styrkti verkefnið „ÍTM-íslensk vasaorðabók“ undir stjórn Nedelinu Ivanova um 6 mannmánuði. Tveir nemendur unnu að verkefninu sumarið 2021.
- Styrkur fékkst frá Vinnumálastofnun til að ráða nemandan í sumarstarf og var Thomas Hammel ráðinn til að sinna skráningarverkefni undir stjórn Rannveig Sverrisdóttur og Nedelinu Ivanova. Verkefnið fólst í því að skrá handform í völdum táknmálstextum til að átta sig á „fónetískum“ breytum þeirra. Framtíðar markmið með skráningunni er að fá yfirlit yfir fónem í ÍTM. Skráðar voru 28 mínútur af táknmálstexta með 6 táknum. Afkasturinn er tafla með öllum þeim möguleikum sem finnast í handformum í þessum 28 mínútna texta.

Annað:

- Tveir aðilar rannsóknastofunnar voru hluti af starfshóp sem skilaði tillögu að málstefnu ÍTM á vormánuðum 2021.
- Á haustmisseri 2021 hélt Rannveig Sverrisdóttir námskeið í grunnþáttum málfræði ÍTM fyrir táknmálskennara á SHH. Það hafði í för með sér miklar umræður og að einhverju leyti ný gögn/málfræðidæmi úr ÍTM.

Þátttaka í málþingum og ráðstefnum (rafræn vegna covid):

- Rannveig Sverrisdóttir tók þátt í tveimur ráðstefnum í samstarfi við Dr. Helen Koulidobrova á árinu.
 - Fyrirlesturinn „Putting the money where the mouth is/hands are: Icelandic Sign Language and the UNDRIP“ var fluttur á ráðstefnunni: The Multidisciplinary Approaches in Language Policy and Language Planning (LPP) 2021, haldin af og í McGill University, Montreal 26.-28. ágúst 2021.

* Fagstjóri rannsókna á SHH var í leyfi við gerð ársskýrslu og upplýsingar frá stofnuninni kann því að vanta.

- Fyrirlesturinn „Complexities of language 'survivance' in Iceland: Icelandic Sign Language for all is not a solution“ var fluttur á nítjándu AILA ráðstefnunni: World Congress of Applied Linguistics, on the Dynamics of Language, Communication and Culture in a Changing World, haldin rafrænt dagana 15. - 20. ágúst 2021, Groningen háskóla Hollandi, af International Association of Applied Linguistics (AILA).

Heimsóknir fræðimanna

Engar heimsóknir voru þetta árið enda gætti áhrifa kórónuveirunnar enn.

Kynningarstarfsemi og útgáfa

Ein grein birtist á árinu sem aðili rannsóknastofunnar átti hlut í:

Koulidobrova, Elena og Rannveig Sverrisdóttir. 2021. How to ensure bilingualism/biliteracy in an indigenous context: The case of Icelandic Sign Language. *Languages* 2021, 6(2), 98; <https://doi.org/10.3390/languages6020098>